

Tunguárvirkjun í Þistilfirði

Umsagnir og viðbrögð vegna kynningar á vinnslutillögu deiliskipulags og breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

23.03.2026

Kynningartími skipulagslýsingar var frá 10.02.2026 til 23.02.2026

Tafla 1. Efnisatriði umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim ásamt umsögnum sem bárust vegna skipulagslýsingar, til skýringar.

UMSAGNARAÐILI	EFNISATRIÐI	VIÐBRÖGÐ
Náttúruverndarstofnun 10.02.2026	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Náttúruverndarstofnun mun ekki veita umsögn um verkefnið á kynningarstigi en áskilur sér rétt á að veita umsögn á síðari stigum. Stofnunin bendir á jafnframt að hún hafi þegar veitt umsögn á fyrri stigum, svo sem á lýsingarstigi, og ber að leggja þá umsögn til grundvallar við gerð og afgreiðslu tillögunnar.</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að um er að ræða tiltölulega óraskað svæði og er þar að finna bæði votlendi og fossa sem njóta verndar sk. 61. gr. laga um náttúruvernd.</p> <p>Skipulagssvæðið er afar vel gróið og lax finnst í Tunguá. Hvoru tveggja eru þetta vísbendingar um öflug vistkerfi sem jafnframt eru viðkvæm fyrir raski.</p>	Umsögn Náttúruverndarstofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.
Náttúrufræðistofnun 23.02.2026	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Fyrirhuguð virkjun fellur undir lið 3.15 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Liðurinn tilheyrir flokki B og er framkvæmdin því tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Unnið er að gerð fyrirspurnarskýrslu fyrir Tunguárvirkjun, en hún er jafnframt umhverfismatsskýrsla deiliskipulagsins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu sömu mála 28. febrúar 2025 og ítrekar hér að fyrirhuguð virkjun er á nánast óröskuðu landi þar sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Á svæðinu eru einnig fossar sem njóta verndar samkvæmt sömu lögum, en Náttúrufræðistofnun bendir á að mikið vantar upp á að allir fossar landsins séu sýndir í kostasjá stofnunarinnar um sérstaka vernd.</p>	Umsögn Náttúrufræðistofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.

	<p>Þá er svæðið rétt sunnan við Melrakkasléttu, sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta Náttúruminjaskrár.</p> <p>Ekki er gerð grein fyrir jarðgrunni og landmótun svæðisins í greinargerð með deiliskipulaginu og er það mat stofnunarinnar að þörf sé á því þar sem jökulræn landform eru innan fyrirhugaðs virkjunar- og efnistökusvæðis. Jarðgrunnur svæðisins hefur lítillega verið rannsakaður en jökulgarður hefur verið kortlagður rétt fyrir innan Garð og Hagaland. Fyrirhugað efnistökusvæði N24 er staðsett á jökulgarðinum og stöðvarhúsið rétt fyrir innan hann. Jökulgarðurinn er talinn hafa myndast við jökulframrás á síðjökultíma og er landmótunin hluti af jöklunarsögu svæðisins.</p> <p>Fram kemur í umhverfismati skipulagsins að „<i>Stefnan hefur í för með sér umfangsmikið beint rask en engar jarðmyndanir sem njóta verndar er að finna á svæðinu</i>“ og að áhrifin séu neikvæð. Í kaflanum um samantekt á umhverfisáhrifum valkosta er hins vegar ekki minnst á áhrif á jarðminjar og er það mat stofnunarinnar að nauðsynlegt er að það sé tekið fram í samantektinni enda áhrifin neikvæð og óafturkræf.</p> <p>Í greinargerðinni kemur fram að við athugun á fuglalífi fannst 21 fuglategund á eða við athugunarsvæðin, þar af þrjár sem metnar eru í hættu og sjö tegundir sem eru ábyrgðartegundir þar sem yfir 20 % af Evrópustofni nýtir Ísland sem varpsvæði. Ekkert er hins vegar fjallað um áhrif framkvæmda á fuglalíf í kaflanum: „Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta.“</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Náttúrufræðistofnun bendir á að fyrirhuguð virkjun er á nánast óröskuðu landi þar sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Þá eru á svæðinu fossar sem njóta verndar samkvæmt sömu lögum og svæðið er rétt sunnan við Melrakkasléttu, sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta Náttúruminjaskrár.</p>	
<p>Veðurstofa Íslands 3.03.2026</p>	<p><i>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</i></p> <p>Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við vinnslutillöguna.</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum.</p>

Norðurþing 3.03.2026	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings hefur ekki athugasemdir við fyrirleggjandi vinnslutillögu að deiliskipulagi vegna Tunguárvirkjunar.</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Skipulags- og framkvæmdarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi skipulagslýsingu.</p>	Ekki þörf á viðbrögðum.
Fiskistofa 12.02.2026	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Fiskistofa bendir á 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en greinin kveður á um að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, sé háð leyfi Fiskistofu. Gerð virkjunar fellur undir svið þessarar lagagreinar og er framkvæmdin því leyfisskyld. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.</p>	Umsögn Fiskistofu verður komið á framfæri til skipulagsaðila.
Rarik 16.02.2026	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Rarik gerir ekki athugasemdir við tillögunu. En vekur athygli á núverandi stofnstreng sem liggur um svæðið</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Rarik gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi en bendir á að innan svæðisins er 33kV stofnstrengur mill Kópaskers og Þórshafnar sem þarf að taka tillit til. Hafa skal samband við Rarik ef framkvæmdir verða í námunda við strenginn.</p>	Ábendingu um stofnstreng verður komið á framfæri til skipulagsaðila.
Minjastofnun Íslands 6.03.2026	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Minjastofnun hefur ekki athugasemdir við aðalskipulagið.</p> <p>Varðandi deiliskipulagið: Rannsaka þarf eftirfarandi aldursfriðaðar minjar með könnunarskurðum, með það fyrir augum að svara spurningum um aldur þeirra, gerð og mögulega hlutverk, auk þess sem skera þarf úr um hvort eldri minjar leynist undir þeim. 3385-</p>	Umsögn Minjastofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.

028 óþekkt rúst 3385-029 heytóft. Einnig þarf að flagga með litríkum flöggum við túngarð 3471-001 á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir að hann verði fyrir raski. Grafa skal 1 m breiðan könnunarskurð í rúst/tóft en ekki í gegnum eldri mannvirki sem kunna að koma í ljós undir, nema að höfðu samráði við Minjastofnun. Lengd fer eftir aðstæðum á vettvangi. Notast má við gröfu með ótenntri skóflu við gerð könnunarskurða og opnun svæða. Þar sem krafist er könnunarskurða skal ávallt grafa þá og skrá með viðurkenndum aðferðum fornleifafræðinnar. Í því felst að teikna skal snið (mælikvarði 1:10), í öllum skurðum þar sem mannvistarlög er að finna, auk þess sem þau skulu ljósmynduð. Einnig ber að lýsa jarðlögum í texta og halda utan um samhengi þeirra með flæðiriti (e. matrix). Í þeim tilvikum þar sem verður ekki grafið niður úr mannvistarlögum, t.d. gólfum eða veggjum bygginga, þá ber einnig að skrá þá skurði í fleti með viðurkenndum aðferðum (teikning, ljósmyndun, textalýsing). Ekki þarf að teikna snið í skurðum sem ekki innihalda mannvistarlög, en þau skulu þó ljósmynduð og þeim lýst í texta. Mæla þarf upp alla skurði í hnitakerfinu ISN93 og staðsetja á yfirlitskort í skýrslu.

Fundir (gripir og dýrabein) Varðveita skal þá gripi og bein sem finnast in situ (á sínum stað) við rannsóknina og eru 100 ára og eldri. Ekki er nauðsynlegt að hirða alla gripi og dýrabein sem finnast í jarðvegi sem hefur myndast vegna nútíma athafna (rask) á svæðinu og eru þ.a.l. ekki in situ. Sýni - sýnataka Komi í ljós fornleifar sem hægt er að aldursgreina út frá gjóskulögum, skal kalla til gjóskulagafræðing ef þurfa þykir. Ef gjóskulög nýtast ekki til aldursgreiningar skal senda viðeigandi lífrænt sýni úr öruggu samhengi við mannvistarlög til geislakolsgreiningar sé það mögulegt, s.s. bygg, kol, ofl. Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Um er að ræða forrannsókn, en Minjastofnun mun svo, að henni lokinni, ákveða hvort frekari rannsóknar er þörf áður en framkvæmdir geta hafist. Verður fjallað sérstaklega um kröfur um mögulegar framhaldsrannsóknir þegar gögn úr forrannsókninni liggja fyrir og skýrslu hefur verið skilað til Minjastofnunar Íslands. Hafa ber í huga að rannsóknarkröfurnar, sem greint er frá í þessu skjali, gæti þurft að endurskoða út frá framvindu fornleifarannsóknar og þeim minjum sem kunna að koma í ljós.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun

	<p>umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Skrá þarf öll þau svæði sem verða fyrir áhrifum framkvæmdarinnar, aðkomuvegi, efnistökusvæði og svo frv. Taka þarf tillit til minja ef þær finnast á svæðinu við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð / umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á deiliskipulagsupprátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.</p> <p>Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem og tillaga að deiliskipulagi þarf að koma til umsagnar hjá Minjastofnun þegar skráning liggur fyrir. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 auk þess sem sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráningu skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p>	
<p>Skipulagsstofnun 20.02.2025</p>	<p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Stofnunin bendir á að leita þarf umsagna Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar vegna skipulagsgerðarinnar.</p> <p>Aðalskipulagsbreyting. Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.</p> <p>Deiliskipulag. Minnt er á að frá og með 1. júní 2025 mun Skipulagsstofnun fara fram á að nýtt deiliskipulag sem berst stofnuninni skv. 42. gr. skipulagslaga, berist á stafrænu formi auk þess sem því verði skilað á pappír líkt og verið hefur. Í framhaldinu eiga allar breytingar, verulegar og óverulegar, sem gerðar verða á deiliskipulagi sem til er á stafrænu formi, að berast stofnuninni á stafrænu formi. Gagnalýsing og leiðbeiningar hafa verið gefnar út til að upplýsa</p>	<p>Leitað var var eftir umsögn hjá Umhverfis- og orkustofnun en hún barst ekki inn á skipulagsgáttina á auglýsingatíma skipulagslýsingarinnar. Óskað hefur verið eftir umsögn stofnunarinnar vegna vinnslutillögu deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar og verður henni komið á framfæri til skipulagsaðila þegar hún berst til að taka tillit til við gerð skipulagsins.</p> <p>Ábendingum Skipulagsstofnunar um starfræn skil á skipulagsgögnum verður komið á framfæri til skipulagsaðila.</p>

	<p>notendur um innihald gagnanna og til að aðstoða bæði skipulagsfulltrúa og ráðgjafa við gerð stafræns deiliskipulags. Á vef Skipulagsstofnunar er auk þessa að finna sniðmát fyrir gerð stafræns deiliskipulags.</p>	
<p>Hafrannsóknunarstofnun 23.02.2026</p>	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Hafrannsóknastofnun telur ekki tilefni til að veita umsögn á þessu stigi. Stofnunin áskilur sér þó rétt til að koma á framfæri umsögn á síðari stigum málsmeðferðar. Stofnunin áréttar jafnframt að hún hafi þegar veitt umsögn á fyrri stigum málsins. Við afgreiðslu tillögunnar skal byggja á þeirri umsögn og sjónarmiðum sem þar koma fram</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Samkvæmt vatnatilskipun þurfa aðilar sem hyggjast fara í framkvæmdir, setja upp starfsemi eða gera breytingar á núverandi starfsemi sem getur haft áhrif á vatn skulu framkvæma mat á áhrifum þeirra umsvifa (sjá lög um stjórn vatnamála, nr. 36/2011).</p> <p>Með þverun og uppistöðulóni verða væntanlega breytingar á vatnshloti sem þarf samþykki Umhverfis- og Orkustofnunar. Mikilvægt er að búið sé að skoða og meta áhrifin hvað þetta varðar áður en lengra er haldið. Tilgangur með áhrifamati er að setja fram lýsingu á starfsemi/framkvæmd og hvort möguleg áhrif starfsemi/framkvæmdar hafi þau áhrif að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdir eða starfsemi ef þær valda því að umhverfismarkmið náist ekki nema ef að undanþága hafi verið veitt fyrir því.</p> <p>Rétt er að benda á að Tunguá (102-1403-R) er hliðará í straumvatnshlotinu Svalbarðsá (102 1425-R) og mun fyrirhuguð virkjun hafa áhrif á það vatnshlot einnig, ekki eingöngu Tunguá. Samkvæmt nýlegu botngerðarmati í Svalbarðsá (Hlynur Bárðarson og fleiri 2016) þar sem verið var að meta framleiðslugetu Svalbarðsár og hliðaráa hennar kom fram að í Tunguá finnst lax, urriði og bleikja og að í vatnakerfinu finnast einnig hornsíli. Svokölluð framleiðslugeta var metin fyrir lax fyrir allt vatnakerfi Svalbarðsár og kom fram að um 9% af heildarfjölda framleiðslueininga á fiskgengum hluta Svalbarðsár kom úr Tunguá. Af þessu er nokkuð ljóst að Tunguá er mikilvægur hluti af búsvæðum fyrir laxa. Ekki var lagt mat á efri hluta Tunguár (ofan foss) í þessari rannsókn og því ekki þekkt hvort um staðbundna fiskistofna er að ræða á svæðinu, sem verður undir áhrifum</p>	<p>Umsögn Hafrannsóknarstofnunar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.</p>

	<p>fyrirhugaðrar virkjunar. Ekki kemur fram hvernig rekstri virkjunarinnar verði háttað en áhrifin á lífríki eru meiri ef um ójafnt rennsli verður að ræða. Hafrannsóknastofnun bendir einnig á að mikilvægt er að skipuleggja vel alla efnistöku fyrirfram með það að markmiði að takmarka alla efnistöku í eða við vatn og að efnistaka fari frekar fram í skilgreindum námum samkvæmt Aðalskipulagi.</p>	
<p>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra 27-02-2025</p>	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>HNE gerir ekki athugasemd við kynningu langanesbyggðar á tillögu á vinnslustigi (Nýtt deiliskipulag) fyrir Tunguárvirkjun í Pistilfirði.</p> <p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>HNE gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum.</p>
<p>Vegagerðin 23.02.2026</p>	<p>Vegna deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi</p> <p>Samkvæmt tillögu eru tvö efnistökusvæði sem kalla á talsverða flutninga um Hagalandsveg. Hagalandsvegur er einbreiður og lítið uppbyggður héraðsvegur. Ef skemmdir verða á vegi ber framkvæmdaraðili ábyrgð á að vegur verði lagfærður. Efnistaka er ekki leyfð innan veghelgunarsvæðis. Hluti af flutningum vegna efnistöku mun fyrir yfir brú yfir Tunguá hjá Hagalandi. Brúin er einbreið og samkvæmt brúarkerfi Vegagerðarinnar er hún gefin upp fyrir 10 tónna vagnþunga. Brúin hefur ekki verið metin nýlega og þarf að meta hversu mikinn þunga hún þolir áður en farið verður af stað í flutninga. Vegagerðin setur það sem skilyrði að samráð verði haft vegna brúarinnar. Vegagerðin minnir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Öll mannvirki og framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Á það við þótt mannvirki eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.</p> <p>Vegamót við Hagalandsveg þurfa að vera því sem næst hornrétt. Hanna þarf vegamót í samráði við Vegagerðina. Samkvæmt Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.</p>	<p>Umsögn Vegagerðarinnar verður komið á framfæri til skipulagsaðila.</p>

	<p><i>Fyrri umsögn vegna skipulagslýsingar</i></p> <p>Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi við vinnslu skipulagsáætlunarinnar hvað varðar þætti er snúa að vegum, umferð, umferðaröryggi, höfnum, sjávarhæð, siglingaleiðum, almenningsamgöngum, námum og öðrum þáttum er gætu varðað starfsemi stofnunarinnar.</p> <p>Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ sem ætlað er að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.</p> <p>Vegagerðin bendir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði og þá sér í lagi að ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda</p> <p>Veghelgunarsvæði er 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Samkvæmt skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Þarf að sýna veghelgunarsvæði á skipulagsupprætti.</p> <p>Á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum setur Vegagerðin viðmið um lágmarks land- og gólfhæðir, og er þá tekið mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar. Hafa skal sérstakt samráð við Vegagerðina vegna þessa. Vegagerðin mælir eindregið með virku samráði á vinnslustigi skipulagsins.</p> <p>Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils</p>	
<p>Vopnafjarðarhreppur 24.02.2025</p>	<p>Umhverfis- og framkvæmdaráð Vopnafjarðarhrepps telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við lýsingu.</p>	<p>Umsögn gefur ekki tilefni til breytinga á lýsingu skipulagsins.</p>